

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gjörðabók.

9. gr.

Eskifjarðarkaupstaður annast reikningshald fyrir sjóðinn í umboði sjóðsstjórnar og skulu kjörnir endurskoðendur kaupstaðarins jafnframt vera endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

10. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.

AUGLÝSING

um veitingu sérleyfis til áætlunarflugs.

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 119 28. desember 1950, um stjórn flugmála, og VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, hefur samgönguráðuneytið í dag veitt Flugfélagi Norðurlands h. f., Akureyri, sérleyfi til reglubundins áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á eftirtöldum flugleiðum innanlands, á tímabilinu 1. október 1981 til ársloka 1984:

Akureyri — Raufarhöfn — Akureyri

Akureyri — Þórshöfn — Akureyri

Sérleyfinu fylgir einkaréttur til að reka áætlunarflug á framangreindum flugleiðum, en jafnframt skylda til að halda uppi áætlunarferðum eftir því sem flutningaþörf krefur að mati ráðuneytisins.

Samgönguráðuneytið, 29. september 1981.

Steingrímur Hermannsson

Birgir Guðjónsson

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19. 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. ágúst 1981 staðfest aðalskipulagsuppdrátt fyrir Búðahrepp, Fáskrúðsfirði, S-Múlasýslu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Búðahrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1981.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir